

Skólaráðsfundur 29. nóvember 2022

Mætt: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda H fulltrúi kennara, Vordís Heimisdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Ósk fulltrúi foreldra, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Íris Björk fulltrúi nemenda og Frosti Kjartan fulltrúi nemenda. Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN var forfallaður.

1. Ásgerður útskýrði ferli við endurskoðun á almennum hluta skólanámskrár sem gildir til þriggja ára. Tafir hafa orðið á vinnu svo endurskoðuð skólanámskrá verður borin upp til samþykktar á örfundi skólaráðs fimmtudaginn 15. desember kl 14:00.
2. Guðný fór yfir sjálfsmatskýrslu skólans fyrir skólaárið 2021-2022. Rætt um Skólapúl sinn og að í ár verða lagðar fyrir auk nemendakönnunar bæði starfsmannakönnun og foreldrakönnun.
3. Ásgerður fór yfir þær rakaskemmdir og afleiðingar þeirra sem er búið að vera að vinna með á þessu skólaári. Farið yfir hvernig verkin hafa verið unnin í samvinnu við skipulagssvið Reykjanesbæjar og hvað hefur verið gert til að laga og bæta loftgæði í rýmnum. Stærsta verkefnið hefur verið í rými í Ösp og hafa starfsmenn þar fundið fyrir einkennum vegna þess. Fyrirhuguð er önnur sýnataka á næstu dögum. Ásgerður sagði frá því að búið er að setja upp áætlun ef sú sýnataka sýnir fleiri staði með rakaskemmdum. Eins fór Ásgerður yfir þau rými sem hafa verið til skoðunar í skólanum en beðið er eftir niðurstöðum úr þeim sýnum.
4. Ásgerður fór yfir skipulag desembermánaðar í Njarðvíkurskóla. Búið er að panta mikið af efni til jólaföndurs og er það styrkt af foreldrafélagi skólans. Ásgerður þakkar fulltrúum foreldrafélagsins fyrir þeirra framtak sem er bæði styrkur til að kaupa efnivið en einnig kaupa þau kakó og piparkökur þannig að hver umsjónarkennari getur verið með notalega stund með sínum umsjónarhópi í boði foreldrafélagsins.
5. Önnur mál:
 - a. Spurt um bingó sem var haldið til styrktar nemanda í skólanum sem hefur verið að glíma við veikindi. Bingóið tókst mjög vel, alls söfnuðust 100.500 kr. sem hefur verið afhent fjölskyldu nemandans. Foreldrafélaginu þakkað aðstoð við að safna vinningum.
 - b. fulltrúar nemendaráðsins ánægðir með hvernig er að ganga í ráðinu, stjórnendur hrósa þeim fyrir hversu virk og jákvæð þau eru. Íris, formaður nemendaráðs, er varamaður í ungmennaráði og gengur það vel.